

# Minnisblað

**Efni:** Sérstakur húsnæðisstuðningur og endurgreiðslur frá Tryggingastofnun

**Dags:** 13. nóvember 2019.

---

**Til:** Regínu Ásvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

**Frá:** Helgu Jónu Benediktsdóttur, lögfræðingi, velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Berglinni Magnúsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu húsnæðis- og öldrunarmála.

---

Þann 1. júlí sl. tóku gildi lög um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og var hluti breytinganna afturvirkur frá 1. janúar 2019. Útreikningur sérstakrar uppbótar vegna framfærslu breytist afturvirkur frá 1. janúar 2019 vegna framangreindrar lagabreytingar. Tekjuviðmið breyttust þannig að 65% af skattskyldum tekjum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hafa nú áhrif á útreikning bóta í stað 100% áður. Aldurstengd örorkuuppbót hefur nú 50% vægi í stað 100% áður. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, aðrar en aldurstengd örorkuuppbót, hafa áfram 100% vægi.

Með vísan til framangreinds voru bætur bótaþega Tryggingastofnunar endurreiknaðar og voru leiðréttingar frá og með 1. janúar greiddar út í september sl. Endurgreiðslurnar reiknast sem tekjur samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og hafa þær því áhrif á útreikning húsnæðisbóta frá Íbúðalánasjóði og útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings frá Reykjavíkurborg. Fjöldi þeirra sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning í september var 2.384. Af þeim voru 311 einstaklingar sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning í september en fá ekki í október vegna hækkaðra tekna. Þar af eru 168 leigjendur hjá Félagsbústöðum og 143 á almennum markaði og öðru húsnæði. Auk þess lækkar sérstakur húsnæðisstuðningur hjá 812 leigjendum vegna hærri tekna, þ.e. 597 leigjendum Félagsbústaða og 215 leigjenda á almennum markaði og öðru húsnæði.

Íbúðalánasjóður dreifði greiðslum Tryggingastofnunar á þrjá mánuði og þeir bótaþegar Tryggingastofnunar sem fengu endurgreiðslu fá því lægri eða enga greiðslu húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðning næstu þrjá mánuði. Séu tekjur þeirra óbreyttar munu þeir að öllum líkindum öðlast aftur rétt í janúar 2020. Þegar viðkomandi öðlast aftur rétt í janúar 2020 þá er möguleiki að hann fái lægri húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning þar sem hann er með hærri tekjur en fyrir framangreinda lagabreytingu.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður samkvæmt þeim tekjuviðmiðum sem fram koma í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Við þá útreikninga er farið eftir þeim tekjuupplýsingum sem berast frá Íbúðalánasjóði og því byggt á þeirri aðferðafræði sem Íbúðalánasjóður notar við útreikning á tekjum.

Þar sem samtenging er á milli tölvukerfis Íbúðalánasjóðs varðandi húsnæðisbætur og tölvukerfis Reykjavíkurborgar varðandi sérstakan húsnæðisstuðning þá berast velferðarsviði upplýsingar ef Íbúðalánasjóður breytir útreikningi á tekjum. Ef útreikningur á tekjum breytist hjá Íbúðalánasjóði þá skilar sú breyting sér í sjálfvirkri tölvukerfi Reykjavíkurborgar og hefur því áhrif á útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings.

Breytingar á tekjuviðmiðum laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016, vegna húsnæðisbóta eiga sér stað með breytingum á reglugerð um húsnæðisbætur nr. 1200/2016 og eiga slíkar breytingar sér oftast stað um áramót. Með vísan til þess má reikna með að tekjuviðmiðin hækki nú um áramótin og þá má gera ráð fyrir að í kjölfarið samþykki velferðarráð breytingar til samræmis við það.

Rétt er að fram komi að velferðarsviði Reykjavíkurborgar bárust upplýsingar frá Félagsbústöðum um framangreindar breytingar á útreikningi húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings eftir hádegi föstudaginn 25. október 2019 þegar greiðsluseðlar vegna húsaleigu voru keyrðir út. Þá kom í ljós að húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur hjá 168 leigutökum hjá Félagsbústöðum féllu niður en umræddar upplýsingar bárust Félagsbústöðum frá Íbúðalánasjóði við greiðslukeyrslu.

Upplýsingar um aðra hópa, þ.e. leigjendur á almennum markaði og öðru húsnæði, lágu ekki fyrir á þessum tímapunkti þar sem keyrsla húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings hafði ekki farið fram. Greiðslukeyrsla til leigjenda Félagsbústaða fer fram fyrr svo Félagsbústöðum sé unnt að tilgreina þær upplýsingar á greiðsluseðlum vegna húsaleigu.

Í þessu samhengi má líta til þess að framangreindar breytingar eru ekki á forræði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar heldur grundvallast þær á lagabreytingum sem hafa áhrif á bætur bótaþega Tryggingastofnunar en bæturnar voru endurreiknaðar og leiðréttar afturvirkir frá og með 1. janúar 2019. Tilkynning um lagabreytinguna var birt á heimasíðu Tryggingarstofnunar þann 15. júlí sl. en Félagsbústaðir birtu tilkynningu á heimasíðu sinni þann 28. október sl. um áhrif þessara breytinga á leigjendur Félagsbústaða.

Eins og rakið er hér að framan er við útreikning á sérstökum húsnæðisstuðningi farið eftir þeim tekjuupplýsingum sem berast frá Íbúðalánasjóði og því byggt á þeirri aðferðafræði sem Íbúðalánasjóður notar við útreikning á tekjum. Því er erfitt að koma í veg fyrir skerðingu á þessum hópi umfram þá sem hafa fengið skerðingar vegna hærri tekna á árinu

Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogi og Hafnarfirði þá gera þessi sveitarfélög engar sérstakar ráðstafanir vegna lækkunar sérstaks húsnæðisstuðnings hjá íbúum vegna umræddra leiðréttinga frá Tryggingastofnun.

Í fylgiskjali 1 má finna nánari upplýsingar um lækkun sérstaks húsnæðisstuðnings milli mánaðanna september og október 2019 og lækkun húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings milli sömu mánaða. Í fylgiskjalinu má einnig finna dæmi um breytingu á upphæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings.